



Kennsluáætlun 2022-2023

Námsgrein: Borgaravitund og stafræn borgaravitund

Árgangur: 8.10.b

Kennari: Karítas Heiðbrá Harðardóttir

netfang: karitas@klaustur.is

Almennt:

Nemendur búa til úrklippubók um sig sjálf. Þar sem þau kynna sjálfa sig og öðlast betri sjálfsþekkingu. Að nemendur átti sig á því hvað það þýði að lifa í lýðræði, læri um staðalmyndir og fordóma, jafnrétti, fjölbreytileika og fjölhyggju, að leysa ágreining, réttindi og frelsi og hvaða ábyrgð felst í því, nauðsyn þess að hafa lög og reglur og sjórn og stjórnarfar. Nemendur búa til bekkjarblað um ýmis atriði sem tengjast borgaravitund og vekja athygli þeirra.

Helstu markmið:

Að nemendur geti sett sér markmið og framtíðaráætlun, til a stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga. Að nemendur geri sér grein fyrir hvað það þýði að taka þátt í samfélagi og vera almennur borgari. Að nemendur geti yfirfært þekkingu sína yfir í netheima og gert sér grein fyrir hvers sé ætlast til af þeim þar og læri um stafræna borgaravitund.

Hlekkur á aðalnámskra

https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Námsgögn:

Kennari notast við bækurnar Lifað í lýðræði og Litli Kompás ásamt verkefnum af námskeiði um stafræna borgaravitund.

Nemendur fá tómar úrklippibækur sem þau eiga að skrá og klippa í efni sem þau finna í blöðum og á netinu. Einnig þurfa þau að myndskreyta ákveðnar blaðsíður. Nemendur búa til bekkjarblað sem inniheldur efni sem tengist borgaravitund.

--

Tímabil	Yfirferð námsefnis og námsmat	Kennsluaðferðir	Tengin við lykilhæni og hæfniviðmið
Haustönn og vorönn	Lífsleikni og sjálfsþekking. Borgaravitund og stafræn borgaravitund.	Nemendur þurfa að búa til klippibækur með kynningu á sjálfum sér. Farið verður í ákveðna þætti og hver blaðsíða verður áætluð fyrir ákveðin atriði. Þetta verður einstaklingsvinna svo allir geta unnið á sínum hraða. Þau fá blað í hendurnar með fyrirmælum og uppbyggingu bókar þar sem kemur fram hvers sé ætlast af þeim og hvaða atriði þurfa að koma fram í bókinni. Þau geta notað tímarit og dagblöð til að klippa út texta og myndir og líma, teiknað og litað og prentað út af netinu. Atriði sem verða að koma fram í bókinni: <ul style="list-style-type: none"> • Sjálfskynning • Styrkleikar og veikleikar • fyrirmyndir • Skoðanir (stjórnmál, trú og lífsskoðanir) • Áhugamál • Framtíðarsýn • Nám og atvinna • Tíska og stíll • Framtíðarhúsnæði og staður • Sparnaður og fjárhagsáætlun • Fleira. 	Að nemendur geti hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnmálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar-og lífsviðhorfum. -vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. -sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga. -sinnt velferð og haf samferðafólks síns. -tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill. -ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis. -sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu

			<p>í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.</p> <p>-rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.</p> <p>-rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan í réttindi samkvæmt alþjóðasáttmálum.</p>
		<p>Nemendur vinna ýmis verkefni tengd borgaravitund og búa til bekkjarblað þar sem koma fram málefni og efni sem tengjast borgaravitund.</p>	

Námsmat:

<p>Metið verður hvort nemandi hafi náð fyrrnefndum hæfnimarkmiðum út frá vinnu úrklippubókar og virkni í tímum. Samvinna og áhugi í tímum og þátttaka í verkefnum.</p> <p>*framúrskarandi árangur</p> <p>*hæfni náð</p> <p>*á góðri leið</p> <p>*þarfnast þjálfunar</p>
